

Öryggisleiðbeiningar

1. Verslunarheiti efnis - innflytjandi/framleiðandi

SYNTEM KLARLACK HALVMATT Slippfélagið Málningarverksmiðja
Dugguvogi 4
Vörunúmer: 104 Reykjavík
2609 0000 Sími: 5 888 000 Bréfsími: 568 92 55

Eitrunarupplýsingamiðstöð Sjúkrahúss Reykjavíkur veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 525 11 11

2. Samsetning - upplýsingar um innihald

Efni:	EINECS-nr.	CAS-nr.	magn (P %)	Varnaðarmerki	H.-setn. nr.	Mengunarmörk í lofti á vinnustað meðaltal mg/m ³
alkýðkvoða	-	-	-	-	-	-
terpentína	-	64742-88-7	30-60	Xn	10, 20/21/22	600

Sjá texta hættu- og varnaðarsetninga í nr. 15.

3. Varúðarupplýsingar

Eldfimt. Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.

4. Skyndihjálp

Almennt: Ef grunur um heilsutjón af völdum efnisins vaknar leitið þá strax til læknis. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.

Snerting við húð: Fjarlægið óhrein föt. Þvoið með sápu og miklu af vatni. Leitið til læknis ef sársauki hverfur ekki við þvott.

Slettur í augu: Fjarlægið linsur ef þær eru notaðar. Skolið augun með miklu vatni í a.m.k. 15 mín., hafið augun opin á meðan. Leitið til læknis.

Innöndun: Færið sjúkling undir bert loft, haldið á honum hita. Látið hann hvílast. Leitið til læknis ef hann ber sig illa.

Inntaka: Reynið ekki að framkalla uppköst. Hafið strax samband við lækni. Athugið! Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

5. Bruni - aðferðir við slökkvistarf

Viðeigandi slökkviefni: vatnsúði, alkóhólþolin froða, duft eða kolsýra. Notið ekki vatn við slökkvistarf. Notið ferskloftsgrímur við slökkvistarf. Kælið birgðir af efninu með vatni. Við bruna losna eitraðar gufur frá efninu (einkum kolmónoxíð). Gætið að því að gufur frá efninu eru þyngri en andrúmsloft og því getur hætta skapast fjarri birgðunum. Efnið myndar sprengifima blöndu með andrúmslofti. Gufur í tómum umbúðum geta verið sprengifimar. Tuskur og sag sem eru mettaðar af efninu geta skapað sjálfkviknihættu.

6. Efnaleki

Haldið fólki fjarri. Notið viðeigandi persónuhlífar. Notið ísogsefni s.s. sand eða kísilgúr til að þrífa efnið upp. Efnið má ekki komast í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Leitið til slökkviliðsins ef leki er mikill. Gerið varúðarráðstafanir vegna eldhættu.

7. Meðhöndlun og geymsla

Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varhugaverðra efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Reykingar bannaðar. Geymið í vel luktum umbúðum á köldum stað. Geymið fjarri eldfimum efnum og hitagjöfum. Gerið varúðarráðstafanir vegna stöðurafragns. Neysla matar, drykkja og tóbaks er bönnuð meðan unnið er með efnið. Má ekki geyma hjá matvælum eða öðrum neysluvörum eða fóðri.

8. Eftirlit með mengun - persónuhlífar

Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Þörf getur verið á staðbundinni loftræstingu ef mengun er mikil.
Til hlífðar öndunarfarum: efnaþolnar öndunargrímur (með t.d. kolasíu). Ferskloftsgrímur ef efninu er úðað.
Til hlífðar höndum: efnaþolnir hanskar og græðandi krem.
Til hlífðar augum: gleraugu eða andlitshlíf. Hafið augnskol á vísu stað.
 Notið viðeigandi vinnugalla og haldið honum aðskildum frá öðrum fatnaði.
 Þvoðu ykkur um hendur áður en hlé verður á vinnu (hvíldar- og matartímar).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

Mælt skv.

Útlit:	seigur vökvi
Litur:	gegnær með gulum blæ
Lykt:	-
Bræðslumark:	-
Lægsta suðumark:	-
Eðlisþyngd:	0,90 g/cm ³
Rúmpyngd:	-
Gufuþrýstingur:	-
Seigja:	-
pH:	-
Leysni í vatni:	blandast ekki
Leysist í:	-
Blossamark:	38 °C
Íkveikjumark:	-
Hitastig aðskilnaðar:	-
Sprengimörk:	-

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

Efnið er stöðugt við tilætlaða notkun. Við háan hita geta koloxíð losnað úr efninu. Hindrið snertingu við oxara, sýrur og basa.

11. Eiturfræðilegar upplýsingar

Ekki eru tiltækar upplýsingar um efnið sjálft, en neðangreindar upplýsingar eru byggðar á þekkingu á leysinum.

Innöndun:	Getur valdið höfuðverk, vanlíðan, þreytu og svima, jafnvel meðvitundarleysi, minnstruflunum og andþrengslum ef magn er mikið. Langvarandi og síendurtekin innöndun getur leitt til varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.
Snerting við húð:	Affítar húðina og veldur því að hún verður rauð og springur. Langvarandi og síendurtekin snerting við efnið getur valdið exemi.
Snerting við augu:	Veldur sárum sviða.
Inntaka:	Getur valdið vanlíðan, uppköstum, niðurgangi og andþrengslum. Ef leysirinn kemst niður í lungun við inntöku eða uppköst, getur það valdið lungnabólgu sem getur komið fram nokkrum tímum síðar eða allt að einum sólarhring eftir óhappið. Fáir millilítrar af leysinum nægja til að valda lungnabólgu.

12. Hættur gagnvart umhverfinu

Efnið má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Efnið hefur ekki verið prófað.

13. Förgun

Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Óhreinir umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningur

	UN-nr.	Flokkur	Efnisnr. /Síða	Pökkunar flokkur	EmS	MFAG	Mengar sjó?
Sjóflutningar: IMO/IMDG	1263	3,3	3372	-	-	-	-
Flugfrakt: ICAO/IATA	-	-	-	-			
Vegaflutn.: ADR-reglur	1263	3	31c				

Málning. Inniheldur terpentínu.

15. Lög, reglugerðir og merkingar

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 og upplýsingar frá framleiðanda.

Varnaðarmerki: Xn

Varnaðarorð: Hættulegt heilsu.

Inniheldur: terpentínu.

Hættusetningar:

H10

Eldfimt

H20/21/22

Hættulegt við innöndun í snertingu við húð og við inntöku..

Varúðarsetningar:

V2

Geymist þar sem börn ná ekki til.

V23*

Varist innöndun gufu/úða.

V51*

Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

* Þessar setningar eru skv. reglum EES en eru ekki samkvæmt íslenskri reglugerð.



Þessar leiðbeiningar eru byggðar á eftirfarandi reglum:

498/1996

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

401/1989

Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

236/1990

Reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

48/1994

Mengunarvarnareglugerð (með breytingum 378 og 536/1994).

ECE/TRANS/115

European Agreement concerning the international carriage of dangerous goods by road (ADR) and protocol of signature (með viðbótum til og með 1997).

16. Aðrar upplýsingar

Þessar upplýsingar eru gefnar samkvæmt tiltækum upplýsingum frá hráefnaframleiðanda. Þær eru settar fram skv. fyrirmælum Vinnueftirlits Ríkisins og í samræmi við íslenskar reglugerðir. Í sumum tilvikum ná íslenskar reglugerðir ekki yfir efnisþætti og var þá fylgt upplýsingum frá framleiðanda.

Þessar leiðbeiningar voru þýddar og staðfærðar af Sigurði Ásbjörnssyni fyrir framleiðanda.

Liðir sem hafa breyst frá fyrri útgáfu eru með krossmarki efst í hægra horni.

" - " Þýðir að upplýsingar séu ekki tiltækar eða að viðkomandi liður eigi ekki við.